

Sp.

315. Tillaga til þingsályktunar

um að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvörp um lögfestingu embætta og opinberra starfa.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvörp, er lögfesti öll embætti og opinber störf, er ráðherrar hafa stofnað til án heimildar í lögum og ekki hafa verið lögfest síðan, þannig að sérhvert slíkt embætti og opinbert starf eigi sér stoð í lögum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það færzt mjög í vöxt, að stofnað hafi verið til embætta og alls konar opinberra starfa, án þess að leitað hafi verið lagaheimildar. Áður fyrr þótti sjálfsgætt, að ráðherrar leituðu heimildar Alþingis í hvert sinn, er þeim þótti nauðsynlegt að stofna til nýs starfs eða embættis, jafnvel þótt ekki væri það þýðingarmikið eða hálaunað. Þegar starfræksla ríkisins tók mjög að vaxa, mun slíkt hafa þótt ástæðulaust, þegar um minni háttar störf var að ræða, en í kjölfar þessa hefur siglt sívaxandi virðingarleysi fyrir þeirri sjálfsögðu meginreglu, að ekki skuli stofna til embættis eða ópinbers starfs án lagaheimildar. Hefur á síðari árum kveðið meira að slíku en svo, að Alþingi megi við una. Í tillögu þessari er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að leggja fyrir Alþingi frumvörp um lögfestingu þeirra embætta og opinberra starfa, sem engin ákvæði eru nú um í lögum.